



Safnaðarblað Gleráarkirkju

3. tbl. 20. árg.

Desember 2005

„Og orðið varð hold. Hann bjó með oss, fullur náðar og sannleika, og vér sjáum dýrð hans, dýrð sem sonurinn eini á frá föðurnum.“ (Jóh. 1:14)



Jólasagan eina

Sögur tengdar jólum eru fleiri en svo að tölu verði á komið. Sama má segja um lög og ljóð sem samin hafa verið í þeim tilgangi að gleðjast yfir boðskap jóllanna. Allar listgreinar mannsandans hafa verið nýttar í þágu hátíðarinnar sem er okkur svo kær. Heilt völundarhús ævintýra og fegurðar er orðið til utan um söguna af fæðingu frelsararns, Jesú Krists, inn í þennan heim. Ein saga, einföld og lítil, er orðin að áhrifavaldi í lífi einstaklinga, þjóða og kynslóða. Og enn er tími hennar kominn á vegferðinni um ársins hring. Hún segir okkur svo margt um heiminn og okkur sjálf ef við aðeins höfum eyru til að heyrja og augu til að sjá.

Leyfðu henni því að snerta þína eigin persónulegu sögu. Ljúktu upp dyrum þínum fyrir henni og leyfðu boðskapnum að ná til þín. Gefðu henni tíma, gefðu henni rými í hjarta þínu, þá munt þú sannarlega finna hjartsláttinn á bak við umbúðirnar allar, þá munt þú sannarlega finna að Ljósíð sem kom með Kristi inn í

þennan heim er komið til þín. Ljósíð sem leysir, lífgar og læknar. Í þekktum adventusálmi segir:

*Hve sælt það hjarta ávallt er,
sem ást til Krists með lotning ber
og honum í sér bústað býr,
að bragði sorg öll þaðan flýr.*


*Ég opna blið míns hjarta þér,
ó, herra Jesú, bú hjá mér,
að fái hjálparhönd þín sterk
þar heilagt unnið náðarverk.*

(Helgi Hálfðánarson, Sb. 59.5 og 7)

Megi þessi boðskapur og bæn verða að veruleika í þínu lífi á komandi jólum.

Guð gefi þér og ástvinum þínum gleðiríka jólahátíð.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson.



Starfið í kirkjunni



Börn í barnaguðsþjónustu virða fyrir sér bíbliubróður.

Frá Kvenfélaginu Baldursbrá

Nú er aðventan hafin með tilhlökkun og eftirvæntinu. Vetrarstarfið hjá okkur hefst í byrjun september. Fundir eru haldnir annan mánudag í mánuði og eru í salnum niðri í Glerárkirkju og byrja þeir kl. 20:00. Þær sem hafa áhuga eru velkomnar í heimskókn á fund til að sjá hvað við erum að gera. Félagskonur voru, eins og aðrar kvenfélagskonur, beðnar að sauma dúkkur fyrir UNICEF, en þær eru seldar til fjárflounar á verkefninu „Menntun stúlkna“ í Guinea-Bissau og saumudum við 10 dúkkur til að gefa. Við erum búnar að fönðra í haust bæði fyrir okkur sjálfar og til að gefa.

Kvenfélagið heldur **jólaball** í safnaðasal Glerárkirkju þann **27. des. kl. 16:00** og eru allir velkomnir þangað.

Kvenfélagið þakkar öllum þeim sem hafa stutt okkur undanfarin ár. Guð blessi ykkur öll og gefi ykkur gleðilega jólahátíð og farsælt nýtt ár.

Kristín J. Þorsteinsdóttir, formaður.

Söfnun fermingarbarna

Í nóvemberbyrjun var hin árvissa söfnun fermingarbarna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar. Fermingarbörnin í Glerárkirkju lögðu sitt af mörkum og gengu í hús í Glerárhverfi. Söfnunin gekk í alla staði vel og tekið var vel á móti börnunum. Þessi söfnun er til að efla ýmis verkefni í Afríku en þar er skortur á góðu neysluvatni víða mikið vandamál. Er skemmst frá því að segja að alls söfnuðust 250 þúsund krónur og er það hreint frábær árangur að okkar mati. Hafi börnin og allir er lögðu söfnuninni lið þakkir fyrir framlagið.



„Þér eruð ljós heimsins...“ (Matt. 5:14)



„Þannig lýsi ljós yðar meðal manna...“ (Matt. 5:16)

Aðventukvöld

Aðventukvöld Glerárkirkju var sunnudagskvöldið 27. nóvember s.l. og var í senn fjölsótt og mjög vel heppnað. Ræðumaður að þessu sinni var Sigríður Stefánsdóttir deildarstjóri hjá Akureyrarbæ. Auk hennar komu fram Barna- og Unglingakór ásamt Kór Glerárkirkju undir stjórn þeirra Ástu Magnúsdóttur og Hjartar Steinbergssonar. Að auki voru þar Pétur Björgvin Þorsteinsson og prestar kirkjunnar með sín framlög.

Alfa námskeið

Viltu leita svara við spurningum um tilgang lífsins? Viltu kynna þér grundvallaratriði kristinnar trúar? Langar þig til að velta þeim gildum sem móta líf okkar og samfélag fyrir þér? Þá er Alfa rétta námskeiðið fyrir þig!

Næsta námskeið hefst **miðvikudagskvöldið 1. febrúar 2006** með kynningarkvöldi sem er öllum opið! Alfa er tíu vikna námskeið þar sem þátttakendur hittast eitt kvöld í viku. Á Alfanámskeiðum er fjallað um tilgang lífsins út frá kristnu

sjónarhorni. Boðið er upp á tvennskonar ALFA námskeið samhliða, þ.e. annars vegar byrjendanámskeið, ALFA 1, og hins vegar framhaldsnámskeið, ALFA 2. Hópur fólks stendur á bak við Alfa námskeiðin í Glerárkirkju undir forystu sr. Guðmundar Guðmundssonar héraðsprests og Péturs Björgvins Þorsteinssonar djákna.

Frekar má fræðast um ALFA á www.alfa.is



Fermingarferð að Löngumýri

Fermingarbörn fóru í árvissa haustferð að Hólum og Löngumýri. Alls voru þetta þrjár ferðir nú í október með börn úr þremur skólum hverfisins. Farið var að Hólum í Hjaltadal og þar var rætt um sögu kristninnar og biskupsstóls á þeim helga stað. Farið var í Hóladómkirkju og hún skoðuð og þar var helgistund. Síðan lá leið að Löngumýri þar sem góður matur beið hjá Gunnari staðarhaldara en þvínæst tók við leikja- og fræðsludagskrá. Eftir kvöldverð var síðan haldið heim með viðkomu á Miklabæ en þar var helgistund í kirkjunni. Það var glaður og ánægður hópur er kom að Glerárkirkju að kvöldi velheppnaðs dags.



Fermingarbörn úr Glerárskóla við Dómkirkjuna á Hólum.

Foreldramorgnar

Opið hús fyrir mæður og börn er á sínum stað á fimmtudagsmorgnum kl.10.00. Þar koma mæður saman með börn sín til að eiga létt spjall að morgni dags, fá léttan morgunverð og leyfa börnunum að leika sér saman í safnaðarheimili kirkjunnar. Stundum er fræðsla eða kynning á málefnum tengdum uppeldi eða heilbrigði barna. Þessar stundir hafa verið vel sóttar í haust og alltaf rúm fyrir ný andlit.

Hjálparstarf kirkjunnar

Hjálparstarfið starfrækir sitt árlega matarbúr í Glerárkirkju líkt og undanfarin ár. Ýmis fyrirtæki hafa stutt vel við bakið á þessari innanlandsaðstoð og má þar nefna stór framlög frá Bónus og Norðlenska ásamt fleirum er leggja fram vörur eða fjármuni til að gleðja og styðja aðra um jólin. Aðstoð er hægt að fá fyrir milligöngu prestanna en umsjónarmaður matarbúrsins er sem fyrr Jón Oddgeir Guðmundsson.

Samverur eldri borgara

Samverur eldri borgara hafa verið á sínum stað í vetur, þriðja fimmtudag í mánuði. Þar hafa komið góðir gestir og glatt með söng og hljóðfæraleik eða töluðu máli, ræðu eða ljóðlist. Samverurnar hafa verið vel sóttar og og hin besta skemmtun fyrir alla.



Þakkarbréf vegna uppsetningu steindra glugga í Glerárkirkju

Sóknarnefnd Lögmannshlíðarsóknar vill koma á framfæri hjartans þökkum til þeirra fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg til að unnt væri að kaupa og setja upp steindra glugga í Glerárkirkju. Með samstilltu átaki og góðum styrkjum velunnara kirkjunnar, tókst að ljúka frágangi á gluggum kirkjunnar og eru þeir til mikillar þýði. Gluggarnir, sem settir voru upp, eru eftir glerlistamanninn Leif Breiðfjörð sem jafnframt stjórnaði uppsetningu þeirra. Frumkvæðið og brautryðjendahlutverkið átti Kvenfélagið Baldursbrá. Verkið var unnið í þrem áföngum og var því lokið á hvítasunnu nú í vor.

Í gluggum síðasta áfangans er fólgin margræð táknað skírskotun. Má m.a. sjá þar tilvísun til guðspjallanna, í kerúba Guðs - hina miklu verndarengla, höfuðskepnurnar - vatn, eld, jörð og loft - og hið heilaga nafn Guðs, svo nokkuð sé nefnt.

Með jólakveðju og blessunaróskum,
f.h. sóknarnefndar,
Helgi Teitur Helgason.



Helgihald í Gleráarkirkju á aðventu og jólum

Sunnudagur 4. desember

- ✿ **Barnasamvera og messa kl.11.00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson.

Miðvikudagur 7. desember

Hádegissamvera kl. 12.00.

Sunnudagur 11. desember

- ✿ **Barnasamvera og messa kl. 11.00.** Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson.
- ✿ **Kvöldguðsþjónusta með léttri tónlist kl 20.30.** Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Krossbandið, Snorri, Ragga og Kristján leiða söng.

Miðvikudagur 14. desember

Hádegissamvera kl. 12.00.

Fimmtudagur 15. desember

Aðventusamvera eldri borgara kl 15:00.

Sunnudagur 18. desember


- ✿ **Fjölskylduguðsþjónusta kl.11:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna. Barnakór Brekkuskóla syngur undir stjórn Arnórs Vilbergssonar.
- ✿ **Jólatónleikar Kórs Gleráarkirkju kl.17.00.**

Miðvikudagur 21. desember

Hádegissamvera með jólabragði kl 12.00.

24. desember - Aðfangadagur jóla

- ✿ **Aftansöngur kl 18:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarson þjónar. Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson. Lúðrasveit Akureyrar leikur í forkirkju frá 17:30.



- ✿ **Miðnæturmesa kl. 23.30.** Sr. Arnaldur Bárðarson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna. Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson.

25. desember - Jóladaður

- ✿ **Guðsþjónusta kl. 14:00.** Sr. Guðmundur Guðmundsson þjónar. Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson.

26. desember - Annar dagur jóla

- ✿ **Fjölskylduguðsþjónusta kl 14.00.** Sr. Gunnlaugur Garðarson, sr. Arnaldur Bárðarson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna. **Helgileikur.** Barnakór Gleráarkirkju syngur. Stjórnandi Ásta Magnúsdóttir.

Miðvikudagur 28. desember

Hádegissamvera kl 12.00.

31. desember - Gamlársdagur

- ✿ **Aftansöngur kl 18.00.** Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson.

1. janúar 2004 - Nýársdagur

Hátíðarmessa kl. 14.00. Sr. Gunnlaugur Garðarson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna. Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson.

Gleráarkirkja

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni **Þriðjudaga til föstudaga kl. 11-12** og eftir samkomulagi
Símar: Í kirkju 464 8808, heima 462 7676 og GSM 864 8455. Netfang: gunnlaugur@glararkirkja.is

Sr. Arnaldur Bárðarson

Viðtalstímar í kirkjunni **mánudaga til fimmtudaga kl. 11-12** og eftir samkomulagi
Símar í kirkju: 464 8802, heima 462 6605 og GSM 864 8456 Netfang: arnaldur@glararkirkja.is

Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni

Viðtalstímar í kirkjunni **Þriðjudaga til fimmtudaga kl. 10-12** og eftir samkomulagi
Símar í kirkju: 464 8807, heima 561 4405 og GSM 864 8451 Netfang: petur@glararkirkja.is

Starfsmenn við Gleráarkirkju:

Umsjónarmaður er Sverrir Pálmason

Hann er við daglega kl. 11-16. Sími 464 8800
Heimasími hans er 462 2491, GSM 864 8453

Organisti er Hjörtur Steinbergsson

Sími 464 8804 og GSM 862 2316

Ráðskona er Þórhildur Þórhallsdóttir

Heimasími hennar er 462 4258, GSM 862 4258

Kirkjuvörður er Jón Oddgeir Guðmundsson sími 894 4301

Upplýsingar um annað starfsfólk á vef kirkjunnar, www.glararkirkja.is

Munið! Miðvikudagar: Hádegissamvera kl. 12. frá og með september til máiloka • Alfanámskeið á kvöldin frá og með 1. febrúar. • Fimmtudagar: Opið hús fyrir foreldra og börn kl. 10-12. • TTT tíu til tólf ára starf 16:30 • Samverur eldri borgara einn fimmtudag í mánuði kl 15-16:30. Næst 5/12.



Gleráarkirkja, sími 464 8800 • www.glararkirkja.is • Fax: 464 8809

Ábyrgðarmaður: Sr. Gunnlaugur Garðarsson • Uppsetning: -ghs • Prentun. Ásprent Stíll ehf.